

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB, KBE) nr. 410/98

frá 16. febrúar 1998

um breytingu á reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 213. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Með reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 ⁽⁴⁾ var settur sameiginlegur rammi um söfnun, samantekt, afhendingu og mat á hagskýrslum bandalagsins um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja innan bandalagsins.

Þróun peningalegs, efnahagslegs og félagslegs samruna í bandalaginu gerir það nauðsynlegt að víkka út áðurnefndan ramma þannig að hann taki til váttryggingasviðsins.

Samantekt þjóðhags- og svæðisreikninga samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2223/96 ⁽⁵⁾ krefst sambærilegra, fullunninna og áreiðanlegra váttryggingaskýrslna.

Nauðsynlegt er að breyta reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 á grundvelli tilskipana ráðsins 92/49/EBE ⁽⁶⁾ og 92/96/EBE ⁽⁷⁾ um uppbyggingu innri markaðarins fyrir beinar líftryggingar og skaðatryggingar og tilskipunar ráðsins 91/674/EBE ⁽⁸⁾ um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga.

Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina sem komið var á fót með ákvörðun 89/382/EBE, KBE ⁽⁹⁾ og váttrygginganefndina sem komið var á fót með tilskipun 91/675/EBE ⁽¹⁰⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við 5. gr.:

„— sundurliðuð eining fyrir upplýsingar um skipulag váttryggingafyrirtækja, skilgreind í 5. viðauka.“

2. Bætt er við 5. viðauka eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

^(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 52, 21.2.1998, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 123/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 310, 10. 10. 1997, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 14, 19. 1. 1998.

⁽³⁾ Álití var skilað 28. janúar 1998 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 14, 17. 1. 1997, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 310, 30. 11. 1996, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 228, 11. 8. 1992, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB (Stjtið. EB L 168, 18. 7. 1995, bls. 7).

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 360, 9. 12. 1992, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB (Stjtið. EB L 168, 18. 7. 1995, bls. 7).

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 374, 31. 12. 1991, bls. 7.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 181, 28. 6. 1989, bls. 47.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 374, 31. 12. 1991, bls. 32.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. febrúar 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

J. CUNNINGHAM

forseti.

VIÐAUKI

„5. VIÐAUKI

**SUNDURLIÐUD EINING FYRIR HAGSKÝRSLUR UM SKIPULAG
VÁTRYGGINGAFYRIRTÆKJA***1. þáttur***Markmið**

Markmiðið með þessum viðauka er að setja sameiginlegan ramma um söfnun, samantekt, afhendingu og mat á hagskýrslum bandalagsins um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja í tryggingageiranum. Í þessari einingu er sundurliðaður listi yfir breytur sem taka skal saman hagskýrslur um til að auka þekkingu á þróun tryggingageirans í einstökum löndum, innan bandalagsins og á alþjóðasviði.

*2. þáttur***Gildissvið**

Hagskýrslurnar, sem á að taka saman, skulu varða þau svið sem um getur í i-, ii- og iii-lið 2. gr. þessarar reglugerðar, einkum:

1. sundurliðaða greiningu á skipulagi, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu váttryggingafyrirtækja;
2. þróun og dreifingu heildarviðskipta og viðskipta með einstakar vörur, viðskiptamannamynstur, alþjóðlega starfsemi, starfsmenn, fjárfestingar, eigið fé og varasjóði og váttryggingaskuldir.

*3. þáttur***Umfang**

1. Taka skal saman slíkar hagskýrslur yfir alla starfsemi innan gildissviðs atvinnugreinaflokknar Evrópubandalagsins (NACE, 1. endursk., 66. hluti), nema flokk 66.02.
2. Hagskýrslur skulu teknar saman um eftirtalin fyrirtæki:
 - skaðatryggingafyrirtæki: öll þau sem um getur í a-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 91/674/EBE ⁽¹⁾,
 - líftryggingafyrirtæki: öll þau sem um getur í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 91/674/EBE,
 - sérhæfð endurtryggingafyrirtæki: öll þau sem um getur í c-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 91/674/EBE,
 - Lloyd's-váttryggjendur: öll þau sem um getur í 4. gr. tilskipunar 91/674/EBE,
 - blönduð váttryggingafyrirtæki: öll þau sem taka að sér líftryggingar og skaðatryggingar.
3. Að auki skulu deildir tryggingafyrirtækja, sem getið er um undir III. bálki tilskipunar 73/239/EBE ⁽²⁾ og 79/267/EBE ⁽³⁾ og þær sem reka starfsemi sem fellur undir einhvern af flokkum 1. endurskoðunar atvinnugreinaflokknarinnar sem um getur í 1. lið, teknar með samsvarandi fyrirtækjum eins og skilgreint er í 2. lið.
4. Að því er varðar samræmdar hagskýrslur bandalagsins skal aðildarríkjum heimilt að sleppa þeim fyrirtækjum sem getið er um í 3. gr. tilskipunar 73/239/EBE og í 2. og 3. mgr. 2. gr. og 3. og 4. gr. tilskipunar 79/267/EBE.

*4. þáttur***Breytur**

1. Þær breytur og hagskýrslur í skrá A sem um getur í 3. mgr. og þær í skrá B sem um getur í 4. mgr. skulu teknar saman samkvæmt 5. þætti. Þegar breytur eru fengnar beint úr ársreikningum skulu bókhaldsár sem lýkur á viðmiðunarári tekin með áður nefndu viðmiðunarári.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 374, 31. 12. 1991, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 228, 16. 8. 1973, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 63, 13. 3. 1979, bls. 1.

2. Í skránum A og B eru breytur sem tengjast líftryggingafyrirtækjum auðkenndar með tölunni 1, þær sem tengjast skaðatryggingafyrirtækjum með tölunni 2, þær sem tengjast blönduðum tryggingafyrirtækjum með tölunni 3, þær sem tengjast sérhæfðum endurtryggingafyrirtækjum með tölunni 4, þær sem tengjast líftryggingaviðskiptum blandaðra váttryggingafyrirtækja með tölunni 5 og þær sem tengjast skaðatryggingaviðskiptum blandaðra váttryggingafyrirtækja (þar með talin móttaka endurtrygginga) með tölunni 6.
3. Í skrá A eru meðal annars eftirtaldar upplýsingar:
- breytur sem taldar eru upp í 6. gr. tilskipunar 91/674/EBE og varða líftryggingafyrirtæki, skaðatryggingafyrirtæki, blönduð váttryggingafyrirtæki og sérhæfð endurtryggingafyrirtæki: eignahlíð efnahagsreiknings: liður C I (sem sýnir lóðir og byggingar sem váttryggingafyrirtæki notar sérstaklega fyrir eigin starfsemi), C II, C II 1 + C II 3 sem heildarupphæð, CII 2 + C II 4 sem heildarupphæð, C III, C III 1, CIII 2, C III 3, CIII 4, C III 5, C III 6 + C III 7 sem heildarupphæð, C IV, D; skuldahlíð efnahagsreiknings: liðir A, A I, A II + A III + A IV sem heildarupphæð, B, C 1 a (sundurliðað í líftryggingaviðskipti og skaðatryggingaviðskipti blandaðra fyrirtækja), C 2 a (sundurliðað í líftryggingaviðskipti og skaðatryggingaviðskipti blandaðra fyrirtækja), C 3 a (sundurliðað í líftryggingaviðskipti og skaðatryggingaviðskipti blandaðra fyrirtækja), C 4 a, C 5, C 6 a, D a, G III (án þess að sundurliða lán með breytanlegum skilmálum), G IV;
 - breytur taldar upp í I. hluta 34. gr. í tilskipun 91/674/EBE sem varða skaðatryggingafyrirtæki og sérhæfð endurtryggingafyrirtæki og skaðatryggingaviðskipti blandaðra váttryggingafyrirtækja: liðir 1 a, 1 b, 1 c, 1 d, 2, 4 a aa, 4 a bb, 4 b aa, 4 b bb, 7 (brúttóupphæð), 7 d, 9, 10 (sundurliðað í brúttó- og nettóupphæð);
 - breytur taldar upp í II. hluta 34. gr. í tilskipun 91/674/EBE sem varða líftryggingafyrirtæki og líftryggingaviðskipti blandaðra váttryggingafyrirtækja: liðir 1 a, 1 b, 1 c (sundurliðað í brúttóupphæð og hlut endurtryggjanda), 2, 3, 5 a aa, 5 a bb, 5 b aa, 5 b bb, 6 a aa, 6 a bb, 8 (brúttóupphæð), 8 d, 9, 10, 12, 13 (sundurliðað í brúttó- og nettóupphæð);
 - breytur sem taldar eru upp í III. hluta 34. gr. í tilskipun 91/674/EBE og varða líftryggingafyrirtæki, skaðatryggingafyrirtæki, blönduð váttryggingafyrirtæki og sérhæfð endurtryggingafyrirtæki: liðir 3, 4 (aðeins fyrir líftryggingafyrirtæki og blönduð fyrirtæki), 5, 6 (aðeins fyrir skaðatryggingafyrirtæki, blönduð váttryggingafyrirtæki og sérhæfð endurtryggingafyrirtæki), 7, 8, 9 + 14 + 15 sem heildarupphæð, 10 (fyrir skatt), 13, 16;
 - breytur sem um getur í 63. gr. í tilskipun 91/674/EBE:
 - í tengslum við líftryggingafyrirtæki og skaðatryggingafyrirtæki og líftryggingaviðskipti og skaðatryggingaviðskipti blandaðra váttryggingafyrirtækja: brúttóiðgjöld fyrir bein tryggingaviðskipti samkvæmt (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) (5-stafa kerfi og undirflokkar 66.03.21, 66.03.22),
 - í tengslum við skaðatryggingafyrirtæki og skaðatryggingaviðskipti blandaðra váttryggingafyrirtækja: brúttótjónabætur vegna beinna tryggingaviðskipta, brúttórekstrarkjör vegna beinna tryggingaviðskipta og staða endurtrygginga vegna beinna tryggingaviðskipta, allar breytur samkvæmt (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) (5-stafa kerfi og undirflokkar 66.03.21 og 66.03.22),
 - í tengslum við líftryggingafyrirtæki og líftryggingaviðskipti blandaðra váttryggingafyrirtækja: brúttóiðgjöld fyrir bein tryggingaviðskipti með sundurliðun eins og sýnt er í I. lið II. liðar;
 - breytur sem um getur í 64. gr. tilskipunar 91/674/EBE og varða líftryggingafyrirtæki, skaðatryggingafyrirtæki, blönduð váttryggingafyrirtæki og sérhæfð endurtryggingafyrirtæki: umboðslaun fyrir bein tryggingaviðskipti (sérhæfð endurtryggingafyrirtæki undanskilin) og öll tryggingaviðskipti;
 - og einnig þær breytur sem taldar eru upp hér á eftir:

Kóði	Texti	Félög, fyrirtæki
	Skípulagsupplýsingar	
11 11 0	Fjöldi fyrirtækja	(1, 2, 3, 4)
11 11 1	Fjöldi fyrirtækja sundurliðaður eftir réttarstöðu	(1, 2, 3, 4)
11 11 2	Fjöldi fyrirtækja sundurliðaður eftir stærðarflokki brúttóiðgjalda	(1, 2, 3)
11 11 3	Fjöldi fyrirtækja sundurliðaður eftir stærðarflokki váttryggingaskulda	(1)
11 11 5	Fjöldi fyrirtækja sundurliðaður eftir heimalandi móðurfyrirtækisins	(1, 2, 3, 4)
11 41 0	Heildarfjöldi útbúa í öðrum löndum og staðsetning þeirra	(1, 2, 3)

Kóði	Texti	Félög, fyrirtæki
	Bókhaldsgögn/tæknilegur hluti rekstrarreiknings	
32 11 4	Brúttóiðgjöld sundurliðuð eftir réttarstöðu	(1, 2, 4, 5, 6)
32 11 5	Brúttóiðgjöld sundurliðuð eftir búsetulandi móðurfyrirtækis	(1, 2, 5, 6)
32 11 6	Brúttóiðgjöld sundurliðuð eftir búsetulandi móðurfyrirtækis	(1, 2, 4, 6)
32 18 2	Hluti endurtrygginganda af brúttóiðgjöldum sundurliðaður eftir búsetulandi móðurfyrirtækis	(1, 2, 4, 5, 6)
32 16 0	Aðrir liðir á tæknihluta rekstrarreiknings, brúttóupphæð	(1, 2, 4, 5, 6)
32 18 0	Staða endurtrygginga	(1, 2, 4, 5, 6)
32 18 8	Hluti endurtrygginganda af brúttóupphæð annarra liða á tæknihluta rekstrarreiknings	(1, 2, 4, 5, 6)
	Bókhaldsgögn/aðrir hlutar rekstrarreiknings en tæknihluti	
32 19 0	Millisamtala II (nettóstaða tæknihluta rekstrarreiknings)	(3)
	Önnur gögn sem tengjast rekstrarreikningi	
32 61 4	Ytri kostnaður við vörur og þjónustu	(1, 2, 3, 4)
13 31 0	Starfsmannakostnaður	(1, 2, 3, 4)
32 61 5	Ytri og innri kostnaður vegna tjónauppgjör	(1, 2, 4, 5, 6)
32 61 6	Öflunarkostnaður	(1, 2, 4, 5, 6)
32 61 7	Stjórnunarkostnaður	(1, 2, 4, 5, 6)
32 61 8	Annar tryggingatengdur brúttókostnaður	(1, 2, 4, 5, 6)
32 61 9	Stjórnunarkostnaður í tengslum við fjárfestingar	(1, 2, 4, 5, 6)
32 71 1	Tekjur af hlutdeild	(1, 2, 4, 5, 6)
32 71 3	Tekjur af lóðum og byggingum	(1, 2, 4, 5, 6)
32 71 4	Tekjur af öðrum fjárfestingum	(1, 2, 4, 5, 6)
32 71 5	Endurmat fjármuna	(1, 2, 4, 5, 6)
32 71 6	Hagnaður af innlausn fjárfestinga	(1, 2, 4, 5, 6)
32 72 1	Stjórnunarkostnaður fjárfestinga, vextir meðtaldir	(1, 2, 4, 5, 6)
32 72 2	Mat fjármuna	(1, 2, 4, 5, 6)
32 72 3	Tap af innlausn fjárfestinga	(1, 2, 4, 5, 6)
	Gögn sundurliðuð eftir vöru í (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA)	
33 12 1	Hluti endurtrygginganda af brúttóiðgjöldum (5-stafa kerfi, undirflokkar 66.03.21, 66.03.22)	(1, 2, 5, 6)
	Gögn um alþjóðavæðingu (landfræðileg sundurliðun tryggingaviðskipta samkvæmt staðfesturétti)	
34 31 1	Brúttóiðgjöld sundurliðuð eftir flokki í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) og eftir aðildarríki	(1, 2, 5, 6)
	Gögn um alþjóðavæðingu (landfræðileg sundurliðun tryggingaviðskipta samkvæmt rétti til að veita þjónustu)	
34 32 1	Brúttóiðgjöld sundurliðuð eftir flokki í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) (5-stafa kerfi) og eftir aðildarríki	(1, 2, 5, 6)

Kóði	Texti	Félög, fyrirtæki
	Gögn um starfsmannahald	
16 11 0	Fjöldi starfsmanna	(1, 2, 3, 4)
	Gögn um efnahagsreikning (eignir/skuldir)	
36 30 0	Efnahagsreikningur alls	(1, 2, 3, 4)
37 33 1	Brúttóvarasjóðir sem tengjast beinum tryggingaviðskiptum	(2, 6)
37 30 1	Vátryggingaskuld alls	(1, 2, 3, 4)

4. Í skrá B eru meðal annars eftirtaldar upplýsingar:

- i) breytur taldar upp í I. hluta 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE sem varða skaðatryggingafyrirtæki og sérhæfð endurtryggingafyrirtæki og skaðatryggingaviðskipti blandaðra vátryggingafyrirtækja: liðir 3, 5, 6, 8;
- ii) breytur taldar upp í II. hluta 34. gr. í tilskipun 91/674/EBE sem varðar líftryggingafyrirtæki og líftryggingaviðskipti blandaðra vátryggingafyrirtækja. liðir 4, 6 b, 7, 11;
- iii) breytur sem um getur í 63. gr. tilskipunar 91/674/EBE sem varða líftryggingafyrirtæki og skaðatryggingafyrirtæki og líftryggingar og skaðatryggingar blandaðra tryggingafyrirtækja: landfræðileg sundurliðun brúttóðgjalda í beinum tryggingaviðskiptum í aðildarríki aðalskrifstofu fyrirtækisins, öðrum EES-löndum, Sviss, Bandaríkjunum, Japan eða þriðju löndum;
- iv) og einnig þær breytur sem taldar eru upp hér á eftir:

Kóði	Texti	Félög, fyrirtæki	Athugasemdir
	Bókhaldsgögn/tæknilegur hluti rekstrarreiknings		
32 13 2	Brúttógreiðslur í tengslum við tjón á yfirstandandi bókhaldsári	(2, 4, 6)	
	Alþjóðleg starfsemi (almennt)		
34 12 0	Landfræðileg sundurliðun brúttóendurtryggingariðgjalda, greiddra, bókfærðra	(1, 2, 4, 5, 6)	
34 13 0	Landfræðileg sundurliðun á hluta endurtryggienda í greiddum brúttóðgjöldum	(1, 2, 4, 5, 6)	
	Gögn um efnahagsreikning (eignir/skuldir)		
36 11 2	Lóðir og byggingar (núvirði)	(1, 2, 3, 4)	
36 12 3	Fjárfestingar í eignatengdum og hagsmunatengdum félögum (núvirði)	(1, 2, 3, 4)	
36 13 8	Aðrar fjárfestingar (núvirði)	(1, 2, 3, 4)	
36 21 0	Fjárfestingar í þágu handhafa líftryggingaskírteina sem bera áhættuna af fjárfestingunni – lóðir og byggingar	(1, 3)	
36 22 0	Fjárfestingar í þágu handhafa líftryggingaskírteina sem bera áhættuna af fjárfestingunni – aðrar fjárfestingar	(1, 3)	
37 10 1	Höfuðstóll og varasjóðir alls, sundurliðað eftir réttarstöðu	(1, 2, 3, 4)	
37 33 3	Tjónaskuld í tengslum við bein tryggingaviðskipti eftir (undir)flokki í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) (5-stafa kerfi) og undirflokkum 66.03.21, 66.03.22.	(2, 6)	

Kóði	Texti	Félög, fyrirtæki	Athugasemdir
	Viðbótarupplýsingar		
39 10 0	Fjöldi samninga við lok bókhaldsársins sem tengjast beinum tryggingaviðskiptum að því er varðar einstaka líftryggingasamninga og eftirtalda (undir)flokka í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA): 66.01.1, 66.03.1, 66.03.4 og 66.03.5	(1, 2, 5, 6)	
39 20 0	Fjöldi tryggðra einstaklinga við lok bókhaldsársins sem tengjast beinum tryggingaviðskiptum að því er varðar alla hóplíftryggingasamninga og eftirtalda (undir)flokka í (CPA): 66.03.1	(1, 2, 5, 6)	
39 30 0	Fjöldi tryggðra ökutækja við lok bókhaldsársins, að því er varðar bein tryggingaviðskipti, fyrir eftirtalda undirflokka í (CPA): 66.03.2	(2, 6)	Valfrjálst
39 40 0	Brúttó tryggingarupphæð við lok bókhaldsársins, að því er varðar bein tryggingaviðskipti, fyrir eftirtalda undirflokka í (CPA): 66.01.1 og 66.01.4	(1, 5)	Valfrjálst
39 50 0	Fjöldi tjóna á bókhaldsárinu, að því er varðar bein tryggingaviðskipti, fyrir eftirtalda undirflokka í (CPA): 66.03.2	(2, 6)	Valfrjálst

5. þáttur

Fyrsta viðmiðunarár

Fyrsta viðmiðunarárið sem taka á saman árlega hagskýrslu fyrir er almanaksárið 1996 að því er varðar breytur og hagskýrslur samkvæmt skrá A og almanaksárið 2000 að því er varðar breytur og hagskýrslur samkvæmt skrá B.

6. þáttur

Frágangur niðurstaðna

Niðurstöður skulu sundurliðaðar í samræmi við fjögurra stafá kerfi atvinnugreinaflokunarinnar (NACE, 1. endursk.) (flokkar).

7. þáttur

Afhending niðurstaðna

Niðurstöðurnar skulu afhentar innan 12 mánaða frá lokum viðmiðunarársins að því er varðar þau fyrirtæki sem um getur í 3. þætti, nema sérhæfð endurtryggingafyrirtæki, en niðurstöður er þau varða skulu afhentar innan 18 mánaða frá lokum viðmiðunartímabilsins.

8. þáttur

Trygginganefnd

Framkvæmdastjórnin skal upplýsa trygginganefndina, sem komið var á fót með tilskipun 91/675/EBE⁽¹⁾, um framkvæmd þessarar aðferðaeiningar og allar ráðstafanir sem hún samþykkir í samræmi við 13. gr. þessarar tilskipunar vegna aðlögunar að efnahagslegri og tæknilegri þróun að því er varðar söfnun og tölfraðilega úrvinnslu gagna og úrvinnslu og afhendingu niðurstaðna.

9. þáttur

Aðlögunartímabil

Að því er varðar þessa sundurliðuðu aðferðaeiningu skal aðlögunartímabilið ekki vera lengra en þrjú ár frá byrjun fyrsta viðmiðunarárs fyrir samantekt þeirra hagskýrslna sem nefndar eru í 5. þætti.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 374, 31. 12. 1991, bls. 32.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 448/98

frá 16. febrúar 1998

um viðbætur og breytingar á reglugerð (EB) nr. 2223/96 að því er varðar skiptingu óbeint mældrar fjármálaþjónustu (FISIM) innan evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins (EPK) (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 213. gr.,

með hliðsjón af drögum að reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum Peningamálastofnunar Evrópu ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til *efnfurandi*:

Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í bandalaginu ⁽⁴⁾ er viðmiðunarrámmi sameiginlegra staðla, skilgreiningar, flokkanir og bókhaldsreglur til að setja upp reikninga aðildarríkjanna samkvæmt tölfræðilegum kröfum Evrópubandalagsins til þess að fá niðurstöður sem bera má saman milli aðildarríkja.

Í 3. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 2223/96 er kveðið á um að ákvörðun um skiptingu óbeint mældrar fjármálaþjónustu, (FISIM) verði tekin eigi síðar en 31. desember 1997.

Laus þess vandamáls að úthluta óbeint mældri fjármálaþjónustu ætti að leiða til verulegra umbóta á aðferðafræði þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins (EPK) og nákvæmari samanburðar á vergri landsframleiðslu (GDP) innan Evrópusambandsins.

Markmiðið með þessari reglugerð er að taka upp meginregluna um skiptingu óbeint mældrar fjármálaþjónustu og nákvæmar reglur um framkvæmd hennar.

^(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 58, 27.2.1998, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 124, 21. 4. 1997, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 339, 10. 11. 1997.

⁽³⁾ Álitum var skilað 16. október 1997 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 310, 30. 11. 1996, bls. 1.

Meta þarf áhrif skiptingar óbeint mældrar fjármálaþjónustu og nákvæmra reglna um framkvæmd hennar með útreikningum sem aðildarríkin skulu gera samkvæmt prófunaraðferðum sem lýst er í III. viðauka við þessa reglugerð, á reynslutímabili sem er nægilega langt til að prófa hvort þessi skipting skilar áreiðanlegri niðurstöðum til að mæla rétt þá efnahagsstarfsemi sem um er að ræða en núverandi núllskipting.

Rétt er að framkvæmdastjórnin leggi fram, á grundvelli þeirra útreikninga sem gerðir eru á reynslutímabilinu, matskýrslur um gæði gagnanna, einkum aðgengileika þeirra, og greiningu á gæðum og magni að því er varðar stöðugleika gagnanna og hversu lengi hann varir og nákvæmni niðurstaðna að því er varðar mismunandi prófunaraðferðir.

Rétt er, ef áreiðanleiki niðurstaðna er metinn jákvætt, að framkvæmdastjórnin velji heppilegustu aðferð til skiptingar óbeint mældrar fjármálaþjónustu.

Í því tilviki að prófunaraðferðirnar gefi ekki áreiðanlegri niðurstöður til réttar mælingar á þeirri efnahagsstarfsemi sem um er að ræða en núverandi núllskipting er samt sem áður rétt að framkvæmdastjórnin leggi fyrir ráðið viðeigandi tillögu um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2223/96.

Rétt er að ákvörðun um að skipta óbeint mældri fjármálaþjónustu til að finna vergar þjóðartekjur, sem notaðar eru við gerð fjárhagsáætlunar bandalagsins og vegna eigin þarfa þess, verði samþykkt samhljóða af ráðinu samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

Með tilliti til stefnu bandalagsins að öðru leyti er ekki rétt að skipta óbeint mældri fjármálaþjónustu fyrr en framkvæmdastjórnin hefur valið þá aðferð sem nota skal til að skipta henni í því tilviki að talið sé að fengnar niðurstöður séu áreiðanlegri.

Samkvæmt dreiffræðisreglunni verður markmiðum þessarar reglugerðar betur náð á vettvangi bandalagsins en í aðildarríkjum vegna þess að aðeins framkvæmdastjórnin getur skipulagt nauðsynlega samræmingu á tölfræðiaðferðum til að reikna út og skipta óbeint mældri fjármálaþjónustu innan bandalagsins. Hins vegar ættu útreikningar og skiptingin sjálf, og einnig það kerfi sem þarf til að fylgjast með beitingu aðferðanna, að vera skipulögð á vettvangi aðildarríkjanna. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að mæla svo fyrir að þar til bært innlent yfirvald hafi aðgang að öllum tiltækum innlendum gögnum.

Samráð var haft við hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna sem komið var á fót með ákvörðun 89/382/EBE, KBE ⁽⁵⁾ og hagskýrslunefndina um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð sem komið var á fót með ákvörðun 91/115/EBE ⁽⁶⁾, í samræmi við 3. gr. áðurnefndra ákvarðana.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

1. Markmiðið með þessari reglugerð er að koma á þeirri meginreglu að nota áreiðanlega aðferðafræði til að skipta óbeint mældri fjármálaþjónustu (FSIM) sem lýst er í I. viðauka við viðauka A við reglugerð (EB) nr. 2223/96.

2. Í þessu skyni skal breyta I. og II. viðauka í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 2223/96 í samræmi við I. og II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Aðferðir

1. Aðildarríkin skulu gera útreikninga í samræmi við þær aðferðir sem lýst er í III. viðauka við þessa reglugerð á reynslutímabilinu sem lýst er í 4. gr.

2. Á grundvelli mats á niðurstöðum þessara útreikninga skal, í samræmi við 5. gr., taka ákvörðun um þá aðferð sem á að nota við skiptingu óbeint mældrar fjármálaþjónustu.

3. gr.

Leiðir

1. Aðildarríkin skulu tryggja að nauðsynleg gögn eða þær áætlanir sem þarf til að gera þessa útreikninga verði þegar í stað afhent því innlenda yfirvaldi sem á að sjá um að gera þá útreikninga sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

2. Innlenda yfirvaldið skal bera ábyrgð á söfnun þeirra viðbótargagna sem það telur nauðsynlegt vegna útreikninganna.

4. gr.

Afhending niðurstaðna útreikninga á reynslutímabilinu

Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni niðurstöður þeirra útreikninga, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., í samræmi við eftirfarandi áætlun:

Niðurstöður fyrir almanaksárin 1995, 1996, 1997 og 1998 skulu afhentar eigi síðar en 1. nóvember 1999.

Niðurstöður fyrir almanaksárið 1999 og endurskoðaðar niðurstöður fyrir almanaksárin 1995, 1996, 1997 og 1998 skulu afhentar eigi síðar en 1. nóvember 2000.

Niðurstöður fyrir almanaksárið 2000 og endurskoðaðar niðurstöður fyrir almanaksárin 1995, 1996, 1997, 1998 og 1999 skulu afhentar eigi síðar en 1. nóvember 2001.

Fyrstu áætlunartölur fyrir almanaksárið 2001 og endurskoðaðar niðurstöður fyrir almanaksárin 1995, 1996, 1997, 1998, 1999 og 2000 skulu afhentar eigi síðar en 30. apríl 2002.

5. gr.

Mat á niðurstöðum

1. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli þeirra niðurstaðna sem um getur í 4. gr og eftir að hafa ráðfært sig við hagskýrsluáætlunarnefndina, leggja fram áfangaskýrslu fyrir 31. desember 2000 og lokaskýrslu fyrir 1. júlí 2002 til Evrópuþingsins og ráðsins með greiningu á gæðum og magni að því er varðar áhrif prófunaraðferðanna til að skipta og reikna út óbeint mælda fjármálaþjónustu eins og lýst er í III. viðauka.

2. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina í 7. gr., gera nauðsynlegar ráðstafanir til að beita þessari reglugerð, þar með taldar ráðstafanir til að skýra og bæta þær prófunaraðferðir sem lýst er í III. viðauka.

3. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 31. desember 2002, eftir að hafa ráðfært sig við hagskýrslunefndina um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð og í samræmi við málsmeðferðina í 7. gr., taka upp þá aðferð sem nota skal við skiptingu óbeint mældrar fjármálaþjónustu ef niðurstöður endanlegrar matsskýrslu um áreiðanleika fenginna niðurstaðna á reynslutímabilinu eru jákvæðar.

4. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu, í endanlegri matsskýrslu sinni sem um getur í 1. mgr., að engin af prófunaraðferðunum til að úthluta óbeint mældri fjármálaþjónustu sé áreiðanlegri til réttar mælingar á efnahagsstarfseminni en núverandi núllskipting skal framkvæmdastjórnin, ef nauðsyn krefur, leggja fram viðeigandi tillögu til ráðsins um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2223/96.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 181, 28. 6. 1989, bls. 47.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 59, 6. 3. 1991, bls. 19. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 96/174/EB (Stjtið. EB L 51, 1. 3. 1996, bls. 48).

6. gr.

Afhending til framkvæmdastjórnarinnar

Frá 1. janúar 2003 skulu aðildarríkin afhenda framkvæmdastjórninni niðurstöður þeirra útreikninga sem gerðir eru samkvæmt þessari reglugerð sem hluta af þeim töflum sem um getur í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2223/96.

7. gr.

Málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrslu-áætlunarnefndarinnar sem hér á eftir nefnist „nefndin“.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögnum innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er.

Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um þær ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

8. gr.

Undantekningar

Þrátt fyrir þessa reglugerð:

1. skal ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, samþykkja samhljóða ákvörðun um að úthluta óbeint mældri fjármálaþjónustu til að finna vergar þjóðartekjur sem notaðar eru við gerð fjárhagsáætlunar bandalagsins og eigin tekjustofna;

2. skal ekki skipta óbeint mældri fjármálaþjónustu vegna annarra markmiða bandalagsins fyrr en framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þá aðferð sem nota skal við skiptingu hennar í samræmi við 3. mgr. 5. gr.

9. gr.

Lokaákvæði

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. febrúar 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

G. BROWN

forseti.

I. VIÐAUKI

BREYTINGAR Á VIÐAUKA A VIÐ REGLUGERÐ (EB) NR. 2223/96 OG I. VIÐAUKA Í HONUM

1. kafli

1.13,
d-liður fimmtu
málgreinar

Eyða skal á eftir: „Í evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfinu (EPK) eru einnig margir sértækir samningar, t.d.“

„skráning á notkun óbeint mældrar fjármálaþjónustu sem aðföng hugsaðs geira eða hugsáðrar atvinnugreinar.“

Setja skal í staðinn:

„skipting notkunar óbeint mældrar fjármálaþjónustu, á notendageira/ atvinnugreinar.“

1.25,
önnur málgrein

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir „Helsti munurinn á hugtökum er“:

„i) notkun óbeint mældrar fjármálaþjónustu er nú skipt á notendageira/ atvinnugreinar í stað hugsaðs geira (atvinnugreinar). Af þessu leiðir að notkun óbeint mældrar fjármálaþjónustu er ekki lengur samkvæmt venju skráð að öllu leyti sem aðföng, heldur getur einnig verið um að ræða neyslu og útflutning. Þetta felur í sér að innflutningur á óbeint mældri fjármálaþjónustu getur einnig átt sér stað.“

3. kafli

3.63

Eyða skal öllum texta frá upphafi og til og með „...er metið á grundvelli umboðslauna sem krafist er“ í lok fjórðu málgreinar.

Setja skal í staðinn:

„J. Fjármálaþjónusta (að meðtalinni váttryggingaþjónustu og lífeyrissjóðaþjónustu)

Fjármálaþjónusta (að undanskilinni váttryggingaþjónustu og lífeyrissjóðaþjónustu) tekur til:

a) fjármálaþjónustu sem fjármála-fyrirtæki skuldfæra beint á viðskiptamenn sína og er mæld sem samtala skuldfærðra gjalda og umboðslauna.

	<p>Fjármálafyrirtæki geta skuldfært sérstaklega fyrir þá þjónustu sem þau veita. Veiting slíkrar þjónustu er metin á grundvelli skuldfærðra gjalda og umboðslauna;</p> <p>b) óbeint skuldfærðrar og óbeint mældrar fjármálaþjónustu.</p> <p>Fjármálafyrirtæki veita þjónustu sem þau skuldfæra ekki sérstaklega þóknun og umboðslaun fyrir. Þau greiða þeim sem lána þeim fé lægri vexti en þau myndu annars gera og taka hærri vexti af þeim sem taka lán hjá þeim.</p> <p>Af þessu leiðir að framleiðsla óbeint mældrar fjármálaþjónustu skapast af stýringu fjármálafyrirtækja á lánnum og innstæðum sem þau stjórna vöxtum á, en hins vegar er engin fjármálaþjónusta á verðbréfum öðrum en hlutabréfum.</p> <p>Framleiðsla undirgeira S122 (aðrar fjármálastofnanir) og S123 (aðrar fjármálastofnanir að undanskildum váttryggingafyrirtækjum og lífeyrisjóðum) að undanskildum fjárfestingasjóðum er metin á grundvelli raunverulegs mismunar á gjaldföllnum og útistandandi vöxtum og „viðmiðunar“-vöxtum. Fyrir þá sem fjármálafyrirtækin lána fé, hvort sem þeir búa í landinu eða ekki, er hún metin eftir mismun raunvaxta sem teknir eru af lánnum og þeirrar upphæðar sem greidd væri ef viðmiðunarvextir væru notaðir. Fyrir þá sem fjármálafyrirtækin taka fé að láni hjá, hvort sem þeir búa í landinu eða ekki, er hún metin eftir mismun þeirra vaxta sem þau fengju ef viðmiðunarvextir væru notaðir og þeirra virku vaxta sem þau í raun fá.</p> <p>c) fjármálaþjónustu sem seðlabanki veitir.</p> <p>Ekki má taka seðlabanka með við útreikning á óbeint mældri fjármálaþjónustu: framleiðsla hennar er mæld sem heildarkostnaður.“</p>
--	--

3.70, j-liður

<p><i>Eyða skal eftirfarandi:</i></p> <p>„aðeins vegna heildarefnahags: öll óbeint mæld fjármálaþjónusta sem veitt er af þeim sem búa í landinu.“</p>	<p><i>Setja skal í staðinn:</i></p> <p>„notkun óbeint mældrar fjármálaþjónustu frá þeim sem búa í landinu.“</p>
---	---

3.70.

Bæta skal við:

„k) Eftir venju ætti að skipta framleiðslu seðlabankans að fullu milli aðfanga annarra fjármálfyrirtækja (undirgeirar S122 — S123).“

3.76, e-liður

Bæta skal við: „fjármálaþjónusta beint skuldfærð;“
 „og sá hluti óbeint mældrar fjármálaþjónustu sem heimili nota vegna neyslu;“

3.142, h-liður

Bæta skal við strax á eftir „fjármálaþjónusta sem nemur beinum umboðslaunum og gjöldum;“ setningunni:
 „og sá hluti óbeint mældrar fjármálaþjónustu sem notuð er af þeim sem búa ekki í landinu;“

4. kafli

4.51, önnur málsgrein

Eyða skal:

„Þar sem virði þjónustu sem fjármálastofnanir veita er ekki skipt milli viðskiptamanna eru raunverulegar vaxtagreiðslur til eða frá fjármálastofnunum ekki leiðréttar til að taka út það álag sem samsvarar innifalinni þóknun til fjármálfyrirtækjanna. Nauðsynlegt er að hafa leiðréttingarlið á reikningi yfir skiptingu frumtekna fjármálfyrirtækis og hugsaðrar atvinnugreinar, sem öll framleiðsla fjármálaþjónustu er samkvæmt venju færð á sem aðföng.“

Setja skal í staðinn:

„Þar sem virði þjónustu sem veitt er af fjármálastofnunum er skipt milli viðskiptamanna þarf að leiðrétta raunverulegar vaxtagreiðslur til eða frá fjármálastofnunum til að taka út það álag sem samsvarar innifalinni þóknun til fjármálfyrirtækjanna. Upphæð vaxta sem lántakendur greiða fjármálfyrirtækjum verður að lækka um áætlað virði gjaldfallinna gjalda en hækka verður upphæð vaxtakrafna innstæðueigenda á samsvarandi hátt. Með þessi gjöld er farið sem greiðslur fyrir þjónustu sem fjármálfyrirtækin veita viðskiptamönnum sínum en ekki sem vaxtagreiðslur.“

8. kafli

8.09

SKÝRINGAR

Bæta skal við: Tölum A.I.1 og A.I.2 sem sýna hvaða áhrif skipting óbeint mældrar fjármálaþjónustu hefur á tölurnar sem sýndar eru í 8. kafla, „Reikningakerfi og stöðuliðir“ (talnadæmi).

8.14

Eyða skal:

„Þar sem óbeint mældri fjármálaþjónustu er ekki skipt á notendageira, er farið með allt virði framleiðslu óbeint mældrar fjármálaþjónustu sem aðföng hugsaðs geira með enga framleiðslu og neikvæðan virðisauka jafnstóran aðföngum en með gagnstæðu formerki. Á þennan hátt er virðisauki allra geira og atvinnugreina til samans minnkaður í heild um þessa upphæð. Til að auðvelda framsetningu reikninga er mögulegt að setja ekki inn viðbótardálk fyrir hugsaða geirann, heldur reikna með samsvarandi tölu í dálkinum fyrir heildarefnahag.“

Setja skal í staðinn:

„Þar sem óbeint mældri fjármálaþjónustu er skipt á notendageira eru ákveðnir hlutar vaxtagreiðslna endurflokkaðir sem greiðslur fyrir þjónustu. Þessi endurflokkun hefur áhrif á virði framleiðslu og aðfanganotkunar (og einnig á virði innflutnings, útflutnings og neyslu).“

8.24

Eyða skal:

„Þar sem óbeint mældri fjármálaþjónustu er ekki skipt á notendageira sýna færslur fyrir vexti raunverulega vexti, gjaldfallna og útistandandi. Leiðrétting er gerð á aðföngum í dálkinum fjármálafyrirtæki (með neikvæðu formerki) og í dálkinum hugsaður geiri (með jákvæðu formerki). Til að auðvelda framsetningu reikninga er mögulegt að setja ekki inn viðbótardálk fyrir hugsaða geirann, heldur sýna samsvarandi tölu í dálkinum fyrir heildarefnahag.“

Setja skal í staðinn:

„Þar sem óbeint mældri fjármálaþjónustu er skipt á notendageira samsvarar liðurinn „vextir“, á reikningi fyrir skiptingu frumtekna, gjaldföllnum og útistandandi vöxtum eftir að óbeint mæld fjármálaþjónusta hefur verið dregin frá raunverulegum skuldum lántakenda og bætt við raunverulegar kröfur lánveitenda.“

9. kafli

9.25, a-liður

Eyða skal:

„í aðfanganotkun atvinnugreina er innifalin notkun óbeint mældrar fjármálaþjónustu sem er skráð á hugsaða atvinnugrein (sjá lið 9.33),“

9.25, b-liður

Eyða skal:

„að frádreginni notkun óbeint mældrar fjármálaþjónustu (skráð á hugsaða atvinnugrein, sjá lið 9.33.)“

9.33

Eyða skal:

„Í öllum töflum yfir framboð og ráðstöfun er atvinnugreinaflokkun Evrópubandagsins (NACE, 1. endurskoðun) útvíkkuð með hugsaðri atvinnugrein fyrir notkun óbeint mældrar fjármálaþjónustu. Í töflunni yfir framboð eru engar færslur skráðar fyrir þessa atvinnugrein. Í ráðstöfunartöflunni er heildarnotkun óbeint mældrar fjármálaþjónustu skráð sem aðfanganotkun þessarar hugsuðu atvinnugreinar. Þar sem engar aðrar færslur eru fyrir þessa atvinnugrein er nettórekstrarafgangur hennar neikvæður um upphæð sem nemur aðfanganotkun hennar, allir aðrir liðir í virðisauka hennar eru núll. Af því leiðir að brúttó virðisauki hennar í heild er jafn (neikvæðum) nettórekstrarafgangi hennar.“

Tafla A.1.1 — Áhrif skiptingar óbeint mældrar fjármálaþjónustu milli geira hagkerfis, að meðtöldum breytingum vegna framleiðenda utan markaðar

Reikningar	Uppruni										Reikningar							
	Alls	Vörur og þjónusta (uppruni)	S.2	S.1	S.15	S.14	S.13	S.12	S.11	S.12		S.13	S.14	S.15	S.1	S.2	Vörur og þjónusta (ráðstöfun)	Alls
I. Framleiðslureikningur/erl. reikningur	2	2													2		2	I. Framleiðslureikningur/erl. reikningur
	4	4	4												4		4	
	27	27	0	6	0	18	0	0	48	48	48	48	48	48	48	48	57	
	30	30	-2	30	30	-18	-18	-18	48	48	48	48	48	48	48	48	30	
II.1.1. Reikningur yfir ráðstöfun vinnsluvirðis	30	30													30		30	II.1.1. Reikningur yfir tekjumyndun
II.1.2. Reikningur yfir skiptingu frumtekna	230	230	13	217	6	14	35	106	56	41	48	48	48	48	48	48	230	II.1.2. Reikningur yfir skiptingu frumtekna
	22	22													22		22	
	22	22	1	35	-21	48	-41	48	-41	48	48	48	48	48	48	48	22	II.2. Reikningur yfir annars stigs tekjudreifingu
II.4. Notkun tekjureiknings	28	28	6	-6	-2	16	6	-27	48	-41	48	48	48	48	48	48	28	II.4. Notkun tekjureiknings

Tafla A.I.2 — Áhrif skiptingar óbeint mældrar fjármálaþjónustu aðeins milli hugsaðra geira

Reikningar	Uppruni													Reikningar													
	Alls	Vörur og þjónusta (uppruni)	S.2	S.1	S.15	S.14	S.13	S.12	S.11	Nafngildi	Færslur og síðulíðir	Nafngildi	S.11		S.12	S.13	S.14	S.15	S.1	S.2	Vörur og þjónusta (ráðstöfun)	Alls					
I. Framleiðslureikningur	48										P.1 Framleiðsla	48							48		48	I. Framleiðslureikningur					
											P.2 Aðfanganotkun	48							48		48						
											B.1 Virðisauki/erl. staða	-48		48					-48		48						
II.1.1. Reikningur yfir tekjuna myndun											B.1 Rekstrarafgangur	-48		48					-48		48	II.1.1. Reikningur yfir tekjuna myndun					
II.1.2. Reikningur yfir skiptingu frumtekna	222		16	206	7	17	39	77	66		D.41 Vextir							25	125	12	33	5	200	22	222	II.1.2. Reikningur yfir skiptingu frumtekna	
											P.119 Leiðrétting vegna óbeint mældrar fjármálaþjónustu	48							-48								
											B.5 Staða frumtekna	-6	-2	16	-27	48	-41		-41	48	-27	16	-2	-6			
											B.6 Raðstöfunarte kjur	-6	-2	16	-27	48	-41		-41	48	-27	16	-2	-6			II.2. Reikningur yfir annars stigs skiptingu frumtekna
II.4. Notkun tekjureiknings			6	-6	-2	16	-27	48	-41		B.8n Spamaður, nettó/erl. staða																II.4. Notkun tekjureiknings

II. VIÐAUKI

BREYTING Á II. VIÐAUKA Í VIÐAUKA A VIÐ REGLUGERÐ (EB) nr. 2223/96

Eftirfarandi texta er eytt úr þriðja málslið í fyrstu málsgrein 11. liðar:

„; útistandandi eignatekjur að frádregnum gjaldföllum vöxtum, að undanskildum öllum útistandandi eignatekjum af eigin fjármagni“.

III. VIÐAUKI

ÚTREIKNINGUR Á ÓBEINT MÆLDRI FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU

1. ÚTREIKNINGUR Á FRAMLEIÐSLU ÓBEINT MÆLDRAR FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU EFTIR GEIRUM S122 OG S123

a) Tölfræðileg gögn sem krafist er

Fyrir hvorn undirgeira S122 og S123 ⁽¹⁾ er nauðsynlegt að nota töflu yfir meðalstofna lána, innstæður (skipt eftir notendageirum) og þau verðbréf, að undanskildum hlutabréfum, sem gefin hafa verið út af fjármálfyrirtækjum á tímabilinu (að meðaltali fjórir ársfjórðungar) og áfallna vexti, eftir að vaxtastyrkjum hefur verið skipt að nýju milli raunverulegra viðtakenda svo sem skilgreint er í evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfinu frá 1995.

b) Val viðmiðunarvaxta

Á efnahagsreikningi fjármálfyrirtækja sem falla undir S122 og S123 verður að sundurliða lán og innstæður hjá innlendum einingum til að greina á milli lána og innstæðna:

- sem eru milli banka (þ.e. innan stofnanaeininga sem tilheyra geirum S122 og S123);
- sem eru hjá stofnanaeiningum í notendageirunum (S11 — S124 — S125 — S13 — S14 — S15) (nema hjá seðlabönkum).

Þessu til viðbótar ætti að sundurliða lán og innstæður í öðrum heimshlutum (S2) í lán og innstæður hjá fjármálfyrirtækjum erlendis og lán og innstæður hjá öðrum einingum erlendis.

Á fimm ára reynslutímabilinu skulu aðildarríkin bera saman árangur af skiptingu óbeint mældrar fjármálaþjónustu með því að nota innri viðmiðunarvexti sem reiknaðir eru út samkvæmt eftirfarandi fjórum aðferðum:

Aðferð 1

Til að finna óbeint mælda fjármálaþjónustu-framleiðslu innlendra fjármálfyrirtækja eftir hagkerfisgeira eru „innri“ viðmiðunarvextir reiknaðir sem hlutfall útistandandi vaxta af lánnum milli S122 og S123 og lánastofna milli S122 og S123.

Útistandandi vextir af lánnum milli S122 og S123
stofnar lána milli S122 og S123

Aðferð 2

Til að finna framleiðslu í óbeint mældri fjármálaþjónustu hjá innlendum fjármálfyrirtækjum eftir hagkerfisgeirum eru „innri“ viðmiðunarvextir reiknaðir sem vegið meðaltal vaxta af bæði millibankalánnum og verðbréfum öðrum en hlutabréfum sem gefin eru út af fjármálastofnunum. Vægisstuðlarnir eru staða stofna undir liðnum lán milli innlendra fjármálfyrirtækja sem tilheyra S122 og S123 og verðbréfa, annarra en hlutabréfa sem gefin eru út af innlendum fjármálfyrirtækjum sem tilheyra S122 og S123.

⁽¹⁾ Fjármálfyrirtækin sem taka á tillit til eru geirarnir S122 (aðrar peningalegar fjármálastofnanir) og S123 (önnur fjármálfyrirtæki nema váttryggingafyrirtæki og lífeyrissjóðir), að undanskildum fjárfestingasjóðum.

útistandandi vextir af lánum milli S122 og S123
 + vextir af verðbréfum öðrum en hlutabréfum útgefnunum af S122 og S123
 stofnar lána milli S122 og S123
 + verðbréf önnur en hlutabréf útgefnunum af S122 og S123

Ef stofnanaeiginleikar innlenda bankakerfisins gera ekki kleift að reikna út þetta hlutfall (t.d. vegna þess að bankar gefa ekki út önnur verðbréf en hlutabréf) ætti að nota annað viðmiðunarhlutfall. Það hlutfall má reikna út með því að nota hlutabréf og vaxtaflæði eigna (að frátöldum lánum)/skuldum (að frátöldum innstæðum) þar sem lánstíminn kemst næst því sem er á skuldum á efnahagsreikningum fjármálafyrirtækja sem tilheyra S122 og S123.

Aðferð 3

Til að finna framleiðslu í óbeint mældri fjármálaþjónustu hjá innlendum fjármálafyrirtækjum eftir stofnanaeigirum má nota tvö viðmiðunarhlutföll, annað fyrir skammtímaviðskipti (reiknað út eftir aðferð 1) og hitt fyrir langtímaviðskipti (með því að nota útgefnun hlutföll fyrir verðbréf önnur en hlutabréf með lánstíma sem samsvarar lánstíma langtímaskulda á efnahagsreikningnum).

Aðferð 4

Til að finna framleiðslu í óbeint mældri fjármálaþjónustu hjá innlendum fjármálafyrirtækjum eftir stofnanaeigirum er „innra“ viðmiðunarhlutfallið reiknað út samkvæmt þeim þremur valkostum sem fara hér á eftir:

- a) sem meðaltal vaxtahlutfalla af lánum og innstæðum sem eru hjá stofnanaeigirum í innlendu stofnanaeigirunum (S124 — S125 — S11 — S13 — S14 — S15) (nema í seðlabönkum);
- b) sem meðaltal af meðaltali vaxtahlutfalls af lánum og innstæðum sem eru í innlendu notendageirunum (S124 — S125 — S11 — S13 — S14 — S15) (nema í seðlabönkum) og innifalins vaxtahlutfalls sem reiknað er út eftir aðferð 1;
- c) sem meðaltal af meðaltali vaxtahlutfalls af lánum og innstæðum sem eru í innlendu notendageirunum (S124 — S125 — S11 — S13 — S14 — S15) (nema í seðlabönkum) og innifalins vaxtahlutfalls sem reiknað er út eftir aðferð 2.

Til að ákvarða innflutning og útflytning á óbeint mældri fjármálaþjónustu er notað viðmiðunarhlutfall sem er meðaltal millibankahlutfalls sem er vegið eftir stöðu stofna undir liðunum „lán milli annars vegar S122 og S123 og hins vegar erlendra fjármálafyrirtækja“ og „inneignir milli annars vegar S122 og S123 og hins vegar fjármálafyrirtækja erlendis“ sem eru á efnahagsreikningum fjármálafyrirtækjanna.

Þetta reiknaða vaxtahlutfall er „ytra“ viðmiðunarhlutfall sem er notað til að reikna út útflytning og innflutning á óbeint mældri fjármálaþjónustu.

Á reynslutímabilinu ætti að gera útreikningana þannig að greint sé á milli innra og ytra viðmiðunarhlutfalls bæði á grundvelli aðseturs þeirra fjármálafyrirtækja sem þátt taka í viðskiptunum og á grundvelli þeirra gjaldmiðla sem notaðir eru við þessi viðskipti.

Aðildarríkin skulu veita hagstofu Evrópubandalaganna allar þær tölfræðilegu upplýsingar sem notaðar eru við þá aðferð sem beitt er.

c) Nákvæm sundurliðun óbeint mældrar fjármálaþjónustu eftir stofnanaeigirum

Fyrir hvern stofnanaeigra er nauðsynlegt að hafa eftirfarandi töflu yfir lán og innstæður hjá innlendum fjármálafyrirtækjum:

	stofnar	útist. vextir		stofnar	gjaldf. vextir
Lán veitt af innlendum fjármálafyrirtækjum.	S 122 S 123		Innst. hjá innlendum fjármálafyrirtækjum	S 122 S 123	

Óbeint mæld fjármálaþjónusta alls eftir stofnanaeigra er fengið sem samtala óbeint mældrar fjármálaþjónustu vegna lána sem eru veitt til stofnanaeigirans og óbeint mældrar fjármálaþjónustu fyrir innstæður stofnanaeigirans.

Óbeint mæld fjármálaþjónusta vegna lána sem eru veitt til stofnanaeigirans = útistandandi vextir af lánum – (lánastofnar × „innra“ viðmiðunarhlutfall)

Óbeint mæld fjármálaþjónusta vegna innstæðna hagkerfisgeirans = (stofnar innstæðna × „innra“ viðmiðunarhlutfall) – gjaldfallnir vextir af innstæðum.

Hluti framleiðslunnar er fluttur út; á grundvelli efnahagsreikninga fjármálafyrirtækjanna (S122 og S123) kemur í ljós:

	stofnar	útstandandi vextir		stofnar	gjaldfallnir vextir
Lán til erlendra aðila			innstæður erlendra aðila		

Útflutt óbeint mæld fjármálaþjónusta er reiknuð út með því að nota „ytra“ millibankahlutfall eins og hér segir:

Óbeint mæld fjármálaþjónusta vegna lána sem veitt eru erlendum aðilum (að meðtöldum fjármálafyrirtækjum) = útstandandi vextir – (lánastofn × „ytra“ viðmiðunarhlutfall).

Óbeint mæld fjármálaþjónusta vegna innstæðna erlendra aðila (að meðtöldum fjármálafyrirtækjum) = (stofninnstæður × „ytra“ viðmiðunarhlutfall) – gjaldfallnir vextir.

d) Sundurliðun óbeint mældrar fjármálaþjónustu sem skipt er á heimili í aðfanganotkun og neyslu

Þjónusta sem tengja má heimilum verður að sundurliða í:

- aðfanganotkun heimila sem eigenda húsnæðis,
- aðfanganotkun heimila sem eigenda óskráðra einstaklingsfyrirtækja
- neyslu heimila.

Í því felst að sundurliða lán til heimila (stofna og vexti) í:

- húsnæðislán,
- lán til heimila sem eigenda einstaklingsfyrirtækja,
- önnur lán til heimila.

Lán til heimila sem eigenda óskráðra einstaklingsfyrirtækja og húsnæðislán eru yfirleitt sýnd sérstaklega í hinum ýmsu sundurliðunum lána í efnahagslegum og peningalegum hagskýrslum. Önnur lán til heimila má finna með frádrætti. Óbeint mældri fjármálaþjónustu vegna lána til heimila ætti að skipta í þrjá flokka (húsnæðislán, lán til heimila sem eigenda óskráðra einstaklingsfyrirtækja og önnur lán til heimila) á grundvelli upplýsinga um stofna og vexti fyrir hvern þessara þriggja flokka. Húsnæðislán eru ekki það sama og veðlán, þar sem veðlán geta verið tekin í öðrum tilgangi.

Innstæður heimila verður að sundurliða í:

- innstæður heimila sem eigenda óskráðra einstaklingsfyrirtækja og sameignarfélaga,
- innstæður einstaklinga.

Ef ekki eru fyrir hendi upplýsingar um innstæður heimila sem eigenda einstaklingsfyrirtækja skulu aðildarríkin bera saman árangur af skiptingu óbeint mældrar fjármálaþjónustu með því að nota eftirfarandi tvær aðferðir:

Aðferð 1

Stofna má reikna út á grundvelli hlutfalls innstæðna og virðisauka sem fundið er fyrir minnstu tegund fyrirtækja og framreiknað fyrir einstaklingsfyrirtæki.

Aðferð 2

Stofna má reikna út á grundvelli hlutfalls innstæðna og veltu sem fundið er fyrir minnstu tegund fyrirtækja og framreiknað fyrir einstaklingsfyrirtæki.

Óbeint mældri fjármálaþjónustu vegna innstæðna heimila verður að skipta milli óbeint mældrar fjármálaþjónustu vegna innstæðna heimila sem eigenda óskráðra einstaklingsfyrirtækja og óbeint mældrar fjármálaþjónustu vegna innstæðna heimila sem neytenda á grundvelli meðaltals stofna fyrir þessa tvo flokka, en vegna skorts á frekari upplýsingum má nota sama vaxtahlutfall fyrir þá báða.

Önnur aðferð, einkum ef nákvæmari upplýsingar um lán og innstæður heimila eru ekki fyrir hendi, er að skipta óbeint mældri fjármálaþjónustu á heimili vegna aðfanganotkunar og neyslu, sé tryggt að öll lán tengist heimilum sem framleiðendum eða eigendum húsnæðis og allar innstæður tengist heimilum sem neytendum.

2. ÚTREIKNINGUR Á INNFLUTTRI FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU

Erlend fjármálafyrirtæki veita lán til innlendra aðila og taka við innstæðum frá þeim. Fyrir hvern stofnanaeigera er nauðsynlegt að hafa eftirfarandi töflu:

	stofnar	útistandandi vextir erlendra fjármála- fyrirtækja		stofnar	gjaldfallnir vextir erlendra fjármála- fyrirtækja
Lán veitt af erlendum. fjármála- fyrirtækjum			Innstæður hjá erlendum fjármála- fyrirtækjum		

Sú fjármálaþjónusta sem innflutt er gegnum hvern stofnanaeigera er því reiknuð út eins og hér segir:

Óbeint mæld fjármálaþjónusta innflutt vegna lána = útistandandi vextir erlendra fjármálafyrirtækja – (lánastofnar × „ytra“ viðmiðunarhlutfall)

Óbeint mæld fjármálaþjónusta innflutt vegna innstæðna = (innstæðustofnar × „ytra“ viðmiðunarhlutfall) – gjaldfallnir vextir erlendra fjármálafyrirtækja.

3. ÓBEINT MÆLD FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA Á FÖSTU VERÐI

Mismunur viðmiðunarhlutfalls og virks vaxtahlutfalls er það vaxtaálag sem kemur í hlut fjármálafyrirtækisins, og má þannig skoða sem það verð sem greitt er fyrir veitta þjónustu. Óbeint mæld fjármálaþjónusta á föstu verði er reiknað sem hlutfall virðis óbeint mældrar fjármálaþjónustu vegna lána og innstæðna í S122 og S123 og þessa verðs. Stofnar lána og innstæðna eru endurmetnir til verðs á grunntímabili með því að nota almenna verðvísitölu (t.d. óbeina verðvísitölu þjóðarútgjalda).

$$\begin{array}{l} \text{Óbeint mæld fjármálaþjón-} \\ \text{usta vegna lána sem veitt eru} \\ \text{til hagkerfisgeirans á föstu} \\ \text{verði} \end{array} = \frac{\text{Óbeint mæld fjármálaþjónusta} \\ \text{vegna lána sem veitt eru til} \\ \text{hagkerfisgeirans}}{\text{vísitala}} \quad \frac{\text{vaxtaálag grunntímabils}}{\text{virkt álag}}$$

$$\begin{array}{l} \text{Óbeint mæld fjármálaþjón-} \\ \text{usta vegna lána sem veitt eru} \\ \text{til hagkerfisgeirans á föstu} \\ \text{verði} \end{array} = \frac{\text{Óbeint mæld fjármálaþjónusta vegna} \\ \text{innstæðna hagkerfisgeirans}}{\text{vísitala}} \quad \frac{\text{vaxtaálag grunntímabils}}{\text{virkt álag}}$$

Álag grunntímabils á lán = virkir útlánsvextir – viðmiðunarvextir.

Álag grunntímabils á innstæður = viðmiðunarvextir – virkir innlánsvextir.